

OECD *Multilingual Summaries* International Migration Outlook 2014

Summary in Icelandic



Read the full book on: 10.1787/migr_outlook-2014-en

Horfur í alþjóðlegum fólksflutningum 2014

Útdráttur á íslensku

Helsta þróun

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2013 hefur straumur innflytjenda til OECD tekið við sér á ný. Í samanburði við 2012 jókst straumur þeirra lítillega eða sem nemur 1,1% og nær um 4 milljónum nýrra varanlegra innflytjenda. Þessi lítillega aukning er afleiðing af tvenns konar þróun sem rekast hvor á aðra í nokkrum mikilvægum löndum fyrir innflutning fólks. Innflutningur til Þýskalands jókst í tveggja stafa tölu sem er fjórða árlega aukningin í röð. Þar á móti hefur dregið úr fólksflutningum til annarra mikilvægra landa fyrir innflutning fólks, einkum Bandaríkjanna, Ítalíu, Portúgals og Spánar. Hreinir fólksflutningar eru enn vel neðan við mörkin fyrir kreppuna en í flestum OECD-ríkjum er um jákvæðar tölur að ræða. Sérstakar undantekningar eru Mexíkó, Ísland og Írland.

Aukning í varanlegum fólksflutningum er aðallega knúin af aukningu í frjálsum fólksflutningum og var hún 10% árið 2012. Í öllum OECD-ríkjum er skýringuna á frjálsum fólksflutningum að finna í flutningum fólks milli ESB-landa. Árið 2012 og í fyrsta sinn í sögunni náðu slíkir fólksflutningar því að jafnast á við varanlega fólksflutninga frá löndum utan Evrópu. Þýskaland var mikilvægasti áfangastaðurinn og þangað fór næstum þriðjungur þeirra sem stóðu í frjálsum fólksflutningum.

Í heild þá halda flutningar heilla fjölskyldna áfram að skýra mestan hluta fólksflutninga í OECD-ríkjunum jafnvel þótt þeir hafi verið í rúnun síðan árið 2008. Árið 2012 minnkuðu þeir um 1,7% miðað við árið á undan, aðallega vegna lækkunar á Spáni, Ítalíu, Bandaríkjunum, Bretlandi og Belgíu. Fólksflutningar í atvinnuskyni drögust einnig stöðugt saman frá efnahagslæðinni og nam lækkunin 12% árið 2012. Þessi lækkun er sérstaklega áberandi í evrópska efnahagsvæðinu þar sem fólksflutningar í atvinnuskyni drögust saman um næstum 40% milli árána 2007 og 2012. Afleiðingin var að árið 2012 var fyrsta skipti sem löglegir, varanlegir fólksflutningar frá þriðju löndum til Evrópu voru örlítið minni en löglegir, varanlegir fólksflutningar til Bandaríkjanna.

Ólíkt varanlegum fólksflutningum er straumur tímabundinna fólksflutninga enn neðan við hámarkið, 2,5 milljónir, sem þeir náðu árið 2007. Árið 2012 námu þeir 1,9 milljónum, um fjórðungi minni en árið 2007.

Átökin í Sýrlandi áttu þátt í að hælisleiðnum fjölgaði um 20% árið 2013, upp í 560.000 umsóknir. Beiðnum til Þýskalands fjölgaði sjötta árið í röð og var landið helsta viðtökuland heims með 110.000 beiðnir. Á eftir komu Bandaríkin, Frakkland, Svíþjóð og Tyrkland. Svíþjóð tók við flestum hælisleitendum og flóttamönnum miðað við fólksfjölda.

Í mörgum OECD-ríkjum beinist stefnumótun áfram umtalsvert að alþjóðlegum nemendum. Á heimsvísu voru 4,5 milljónir nemenda innritaðir utan heimalands síns árið 2012 og 75% þeirra stunduðu nám í OECD-ríkjum. Þetta hlutfall hefur haldist óbreytt í stórum dráttum á síðustu árum enda þótt dragi hægt úr aukningunni. Árið 2012 jókst fjöldi alþjóðlegra nemenda í OECD-ríkjum aðeins um 3%, umtalsvert lægra en árleg meðalaukning sem nemur 8% á árunum 2000-05 og 6% á árunum 2005-11.

Fjárfestingar í innlimun innflytjenda inn á vinnumarkaðinn

Innflytjendur af fyrstu og annarri kynslóð gegna auknu hlutverki í vinnuaflinu. Í þeim löndum sem numin voru af innflytjendum svo sem Ástralíu, Kanada, Nýja-Sjálandi og Bandaríkjunum ásamt Vestur-Evrópu eru innflytjendur búnir að festa rætur. Annars staðar, svo sem í Suður-Evrópu eru þeir tiltölulega nýlega farnir að láta til sín taka í menntakerfinu og á vinnumarkaðnum.

Innlimun innflytjenda og fjölskyldna þeirra hefur verið eitt af helstu markmiðum í mörgum OECD-ríkjum að minnsta kosti síðustu 15 árin. Ef til vill er mikilvægasta viðfangsefnið að virkja að fullu hæfni innflytjendanna. Hægt er að takast á við það með aðstoð ýmissa stefnumiða:

- Að gera upplýsingar um réttindi og hæfi erlendis frá aðgengilegri og auka viðurkenningu þeirra;
- Að tryggja að innflytjendur hafi aðgang að virkum áætlunum á vinnumarkaði og að þeir geti nýtt sér þær;
- Að koma innflytjendum í auknum mæli í beint samband við atvinnurekendur;
- Að útvega börnum innflytjenda góða menntun og umsjá á fyrstu æviárum þeirra og
- Bjóða upp á tungumálakennslu sem er aðlöguð að hæfni innflytjenda.

Þróun skynsamlegra stjórnunarkerfa fyrir innflutning vinnuafls

Enda þótt atvinnuleysi sé enn hátt í OECD-ríkjunum eiga fólksflutningar enn eftir að taka þátt í að uppfylla þarfir vinnumarkaðarins og stuðla að hagvexti. Þrátt fyrir að þetta hlutverk sé mjög mismunandi milli landa er sameiginleg von um að skapa skilyrði fyrir „betri“ fólksflutningum vinnuafls, einkum ef litið er til almennrar gagnrýni á þessu málefni.

Nota má stefnu í fólksflutningum vinnuafls til að ná fram ólíkum markmiðum sem stundum keppast hvert við annað. Þau eru til dæmis að uppfylla skammtímaþarfir vinnumarkaðarins og stuðla að þróun í samsetningu íbúanna og vinnuaflsins. Einnig geta verið til staðar víðtækari markmið um efnahagslega þróun á sviðum eins og fjárfestingu og viðskiptastefnu, nýsköpun, svo og framleiðni og þróun samstarfs. Í þessum markmiðum felast málamiðlanir og stefnumótandi aðilar á ólíkum sviðum þurfa að samhæfa sig til að tryggja samræmdar aðferðir.

Hægt er að beita mjög mörgum ólíkum aðferðum við að tryggja að fólksflutningar vinnuafls sé í samræmi við markmið stefnumótunar. Þetta getur verið allt frá takmörkun á fjölda innflytjenda til vals á innflytjendum sem byggir á „punkttagjöf“ ásamt mörgu öðru. Mikilvægt er að sveigjanleika sé gætt þegar þessar leiðir eru farnar til að tryggja virkt og viðbragðsskjótt stjórnunarkerfi. Margt konar viðhorf við stefnumótun geta stuðlað að því að fólksflutningar vinnuafls leiki stærra hlutverk í að koma til móts við þörfina á hæfu starfsfólki, nú og til framtíðar:

- Þróun á skýrum ramma fyrir fólksflutninga vinnuafls;
- Verkfærakassi með ýmsum tækjum til notkunar fyrir mismunandi markmið;
- Endurbætur á viðmiðum um inntöku og upptaka á sveigjanlegu viðhorfi til stjórnunar fólksflutningamála; og
- Nútímavæðing á innri gerð þjónustunnar.

Helstu tölur

- Bráðabirgðagögn benda til að varanlegur straumur innflytjenda til OECD-ríkja hafi aukist um 1% árið 2013 í samanburði við 2012 en minnkaði um 0,8% árið 2012 í samanburði við árið á undan.
- Fólksflutningar í atvinnuskyni drógust einnig stöðugt saman frá efnahagslægðinni og nam lækkinin 12% árið 2012. Aftur á móti varð 10% aukning í frjálsum fólksflutningum.
- Fjöldi hælisleitenda jókst um 20% árið 2013 miðað við 2012.
- Á heimsvísu tvöfaldaðist fjöldi nemenda sem innritaðir voru utan heimalands síns frá því árið 2000 og urðu þeir 4,5 milljónir árið 2012 og 75% þeirra stunduðu nám í OECD-ríkjum.
- Kína, sem var með rúmlega hálfa milljón útflytjenda, reyndist vera með næstum 10% af öllum flutningum árið 2012 en í kjölfarið var Rúmenía (5,6%) og Pólland (5,4%).
- Í OECD eru meira en 115 milljónir innflytjenda eða um 10% af íbúafjöldanum.

- Árið 2012 áttu um 12,5% af öllum 15 ára börnum tvö foreldri sem fædd voru erlendis – 50% fleiri en áratug áður. Aðlögun þeirra, einkum þess hluta sem á foreldra sem hafa lágt menntunarstig, er vaxandi áhyggjuefni.
- Kreppan hafði mismunandi áhrif á innflytjendur: af þeim 15 milljónum atvinnuleysingja sem bættust við í OECD-ríkjunum síðan árið 2007 er 1 af hverjum 5 fæddur erlendis.
- Þrátt fyrir kreppuna hafa flestir innflytjendur atvinnu. Að meðaltali er hærra hlutfall innflytjenda með lágt menntunarstig (54,1%) með atvinnu heldur en hlutfall innfæddra á sama stigi (52,6%).
- Þar á móti er mun ólíklegri að þeir innflytjendur með menntun á háskólastigi hafi atvinnu heldur en jafningjar þeirra sem eru innfæddir (77% á móti 84%). Ef þeir svo hafa atvinnu eru þeir 50% líklegri til að vera ofmenntaðir fyrir starf sitt.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2014), *International Migration Outlook 2014*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/migr_outlook-2014-en